

Janúar 2020



# Stefna í bráðapjónustu og sjúkraflutningum til ársins 2030

*Tillögur starfshóps*

**Stjórnarráð Íslands**  
Heilbrigðisráðuneytið



## Útgefandi:

Heilbrigðisráðuneytið

Skýrsla unnin af starfshópi um stefnumótun í sjúkraflutningum til ársins 2030. Hópin skipa:

Viðar Magnússon, yfirlæknir bráðaðþjónustu utan sjúkrahúsa, formaður hópsins  
Ingimar Eydal, skólastjóri Sjúkraflutningaskólans  
Birkir Árnason, tiln. af Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna  
Anton Berg Carrasco, tiln. af Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna  
Sigurður E. Sigurðsson, tiln. af Sjúkrahúsinu á Akureyri - miðstöð sjúkraflugs  
Guðrún Lísbet Níelsdóttir, tiln. af Landspítala  
Tómas Gíslason, tiln. af Neyðarlínunni  
Þór Þorsteinsson, tiln. af Slysavarnarfélaginu Landsbjörg  
Guðbjörg Björnsdóttir, tiln. af Landssambandi heilbrigðisstofnana  
Helga Harðardóttir, sérfræðingur HRN, verkefnastjóri hópsins

Janúar 2020

[hrn@hrn.is](mailto:hrn@hrn.is)

stjornarradid.is

## Umbrot og textavinnsla:

Heilbrigðisráðuneytið

Mynd á forsíðu: Lómagnúpur (höfundur: Hermann Þór Snorrason)

©2019 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN 978-9935-477-78-1

# Efnisyfirlit

<b>Framtíðarsýn í bráðþjónustu og sjúkraflutningum til 2030 .....</b>	<b>5</b>
Markmið.....	5
<b>1. Forysta til árangurs.....</b>	<b>7</b>
<b>2. Rétt þjónusta á réttum stað .....</b>	<b>8</b>
<b>3. Fólkið í forgrunni .....</b>	<b>10</b>
<b>4. Virkir notendur .....</b>	<b>12</b>
<b>5. Skilvirk þjónustukaup .....</b>	<b>14</b>
<b>6. Gæði í fyrirrúmi.....</b>	<b>16</b>
<b>7. Hugsað til framtíðar.....</b>	<b>17</b>

# Myndaskrá

Mynd 1: Bráðaferlið 2030.....	13
Mynd 2: Pantaðir flutningar 2030 .....	15



# Framtíðarsýn í bráðabjónustu og sjúkraflutningum til 2030

*Árið 2030 virka bráðabjónusta og sjúkraflutningar á Íslandi sem vel samhæft viðbragðs- og flutningnet og hafa á að skipa hæfu starfsfólki.*

## Staðan í dag:

Sjúkraflutningar eru heilbrigðisþjónusta og á Íslandi heyrir sú þjónusta undir ráðuneyti heilbrigðismála. Reksturinn er í höndum mismunandi aðila, einkum slökkviliða og heilbrigðisstofnana og er háður samþykki Landlæknis. Misræmis gætir í þjónustunni á milli svæða og þjónustuaðila en fyrirkomulagið er mjög breytilegt. Rekstraraðilar á stærri stöðum halda úti staðarvöktum með vel þjálfaðan mannskap en í dreifbýli getur verið erfitt að reka sjúkrabilinn vegna fólksfæðar og ónógra verkefna. Vettvangsliðar hjálpa víða til við að brúa bilið í bráðabjónustunni en þá vantar skýrari línur varðandi faglega og rekstrarlega ábyrgð. Aðgengi að faglegum stuðningi við bráðar aðstæður er afar misjafnt og stundum takmarkað en uppfærðar klínískar leiðbeiningar vantar. Þá getur verið erfitt að skipuleggja þjónustu sjúkraflutninga til lengri tíma þegar semja þarf um rekstrarfyrirkomulag með fárra ára millibili og getur það hamlað faglegri uppbyggingu þjónustunnar.

Menntun sjúkraflutningamanna hérlendis hefur tekið töluverðum breytingum á síðustu árum en starfsþróun og viðhaldsmenntun hafa víðast setið á hakanum. Erfitt getur verið fyrir hlutastarfandi sjúkraflutningamenn í dreifðari byggðum að verja þeim tíma sem þarf til þess að mennta sig samkvæmt nýjum viðmiðum og einnig eiga sumir erfitt með mennta- og inntökukröfur vegna námsins. Oft mæðir mikið á þeim fáu heilbrigðisstarfsmönnum sem búsettir eru á svæðinu og er mikilvægt að þeir hafi aðstoð menntaðara sjúkraflutningamanna.

Stjórnun málaflokks um bráðabjónustu og sjúkraflutninga og boðleiðir innan hans eru í dag dreifðar og óskýrar. Samkvæmt reglugerð hafa yfirlæknir og umsjónarlæknar faglega forsjá með málaflöknum og fagrað sjúkraflutninga setur þjónustuviðmið og veitir ráðherra ráðgjöf vegna málaflökksins. Þessa aðila skortir hins vegar alla umgjörð (fjármagn, mannskap, skýrt umboð) til þess að sinna sínum hlutverkum. Þjónustuviðmið, gæðamælikvarða og gæðaeftirliti með sjúkraflutningum skortir.

## Markmið

Tryggja þarf nauðsynlega bráðabjónustu miðað við þörf á hverjum stað á hverjum tíma. Mikilvægt er að sú þjónusta sé ekki um of háð búsetu og framboði fagfólks hverju sinni líkt og nú virðist vera. Virkjun viðbragðs í

nærsamfélaginu tryggir fyrstu hjálp og brúar bilið þar til frekari aðstoð berst á svæðum þar sem langt er í sjúkrabíll eða aðra heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt er að með sjúkrabílnum komi fagfólk sem býr yfir viðeigandi þjálfun til þess að takast á við bráðavanda.

Sjúkraflutningamenn, læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn sem starfa við bráðaðþjónustu þurfa að geta leitað eftir faglegri aðstoð á auðveldan hátt í gegnum fjarskipti og jafnvel fengið aðstoð á vettvang með sérhæfðum einingum á borð við sjúkraflugvél og -þyrlu sé þess þörf. Á sama tíma er mikilvægt að skapa aukna möguleika til þess að afgreiða vandamál sjúklinga án þess að þeir séu fluttir á yfirfullar heilbrigðisstofnanir.

Faglegri stjórnun sjúkraflutninga þarf að skapa umgjörð sem tryggir viðunandi gæðastarf, klínískar leiðbeiningar, og endurmenntun. Kerfið styðji þannig við samræmda sjúkraflutninga þannig að allir landsmenn eigi kost á bestu bráðaðþjónustu sem völ er á hverju sinni.

# 1. Forysta til árangurs

Miðstöð um sjúkraflutninga tryggir samræmda faglega nálgun við framkvæmd sjúkraflutninga á landinu öllu þrátt fyrir aðkomu mismunandi rekstraraðila. Verkaskipting og ábyrgðarsvið þeirra aðila sem koma að sjúkraflutningum er skýr.

Fagleg- og stjórnunarleg ábyrgð er skýr í bráðaðþjónustu og sjúkraflutningum bæði hvað varðar flutninginn sem og þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er.

## Stefnumið til 2030

Miðstöð bráðaðþjónustu og sjúkraflutninga (MBS) er stjórnunar- og samræmingaraðili við sjúkraflutninga og bráða heilbrigðisþjónustu á vettvangi slysa og veikinda. MBS styður faglega við þá aðila sem koma að vettvangi þannig að landsmenn allir eigi kost á bestu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita.

- MBS sinnir faglegum málefnum sjúkraflutninga á landinu öllu fyrir hönd ráðuneytis heilbrigðismála og styður þannig við samræmda nálgun.
- MBS veitir beinan faglegan stuðning í gegnum fjarskipti við neyðarsímverði, vettvangsliða, sjúkraflutningamenn, lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk sem kemur að sjúkraflutningum og bráðaðþjónustu utan sjúkrahúsa.
- MBS vinnur samræmdar klínískar leiðbeiningar (vinnuferla) fyrir sjúkraflutninga og bráðaðþjónustu utan sjúkrahúsa sem gilda á landsvísu og styðja við fagstéttir sem koma að þjónustunni.
- MBS hefur eftirlit með gæðamálum þjónustunnar og menntun þeirra fagaðila sem koma að sjúkraflutningum og bráðaðþjónustu utan sjúkrahúsa.
- MBS er í góðum tengslum við fagfélög og fagaðila, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir, rekstraraðila sjúkraflutninga, rekstraraðila bifreiða og búnaðar, Sjúkraflutningaskólann, Neyðarlínu, rekstraraðila sjúkraflugs og -þyrlna, Landhelgisgæsluna, Landsbjörgu, og aðra aðila sem sinna eða hafa aðkomu að sjúkraflutningum og bráðaðþjónustu utan sjúkrahúsa.

## 2. Rétt þjónusta á réttum stað

Öflug stigið þjónusta sjúkraflutninga tryggir rétta bráðameðferð á vettvangi og skjóttan flutning á sérhæft sjúkrahús þegar við á. Gætt er að því að bæta nýtingu og að teppa ekki dýrar sérhæfðar flutningsleiðir (sjúkrabíla og sjúkraflug) þegar aðrar aðferðir (leigubíll og innanlandsflug) eru öruggar og henta jafn vel. Faglegur stuðningur og skilvirkir ferlar styðja við afgreiðslu fleiri mála án þess að sjúklíngur sé fluttur á heilbrigðisstofnun.

Til þess að tryggja besta útkomu er sérhæfð meðferð við alvarlegum bráðum veikindum og slysum almennt veitt á hátækni sjúkrahúsum. Ísland er strjálbýlt með stór svæði og fjölda smærri byggðarkjarna þar sem getur verið langt í alla heilbrigðisþjónustu. Við slíkar aðstæður þarf vel skipulagt og stigað kerfi\* sjúkraflutninga til þess að hægt sé að veita viðeigandi meðferð við bráðar uppkomur eins og allir landsmenn eiga rétt á skv. lögum um réttindi sjúklínga (1997/74, 3.gr.). Mikilvægt er að samræma viðbragðið og boða rétta viðbragðsaðila sem allra fyrst til þess að fyrirbyggja tafir sem geta leitt til versnandi ástands og jafnvel dauða. Í dag eru hins vegar oft tafir við boðun sérhæfðra flutningseininga á borð við sjúkraflug og björgunarþyrlu sem oftast má rekja til skorts á samræmingu.

Að sama skapi er mikilvægt að sjúkrabifreiðar og sjúkraflug séu ekki að óþörfu upptekin við flutning sjúklínga sem notað geta annan ferðamáta. Þá geta skapast aðstæður þar sem bráðaviðbragðið er nauðsynlegt en ekki aðgengilegt. Einnig getur það verið bæði sjúklíngi og heilbrigðiskerfinu til hagsbóta að komast hjá því að flytja á sjúkrahús með því að styðja við greiningu, meðferð og afgreiðslu á staðnum (t.d. í heimahúsi) þar sem það er fýsilegt og öruggt.

### Stefnumið til 2030

- Þjónustuviðmið tilgreina hvaða þjónusta skuli veitt innan hvaða tímamarka á hverjum stað.
- Sjúkrabílar og önnur flutningstæki ásamt mannskap eru staðsett út frá þarfagreiningu þannig að þjónustuviðmið séu uppfyllt og öryggi borgara tryggt.
- Gengið er út frá því að viðbragðsaðilar séu á staðarvöktum til þess að tryggja skjótt viðbragð. Víkja má frá þeim tilmælum á svæðum þar sem útköll eru fá að því gefnu að hægt sé að manna viðbragðseiningu innan skilgreindra tímamarka. Slíkt skal teljast undanþága.
- Faglegar forsendur fyrir boðun og flutningi sérhæfðra eininga eru tryggðar með stuðningi fjarskiptalækni MBS.

---

\* Stigað kerfi þýðir að fyrsta hjálp berst eins fljótt og mögulegt er og síðan koma fleiri aðilar að eftir því sem aðstæður og ástand krefja.



- Greiðar boðleiðir milli viðbragðsaðila á vettvangi og fjarskiptalæknis MBS tryggja rétta meðferð við bráðar aðstæður og styðja við afgreiðslu á vettvangi án flutnings á sjúkrahús þar sem það á við.
- Greitt aðgengi að faglegum stuðningi við krefjandi aðstæður auðveldar mönnun heilsugæslustöðva í dreifbýli.
- Aukin þekking og skilningur neyðarvarða, heilbrigðisstarfsfólks, og borgara á flutningsleiðum og flutningsmöguleikum sem eykur möguleika á notkun hagkvæmari flutningsleiða svo sem leigubílum og innanlandsflugi í stað sjúkraflutninga og sjúkraflugs.
- Bætt samnýting og samræming eykur hagkvæmni við sjúkraflutninga á landinu öllu.
- Flutningar eru nýttir í báðar áttir eins og hægt er til þess að hámarka nýtingu tækja og starfsmanna. Þannig má auka hagkvæmni og lágmarka kolefnisspor þjónustunnar.
- Auknir möguleikar til þess að veita sjúklingi þjónustu á staðnum með faglegum stuðningi fjarskiptalæknis, klínískum leiðbeiningum og innleiðingu vitjana bráðatækna. Slík þjónusta minnkar þörf fyrir flutning sjúklings, innlagnir á heilbrigðisstofnanir og fjarveru viðbragðseininga.

### 3. Fólkið í forgrunni

Tryggt sé að bráðaviðbragð sé mannað hæfum einstaklingum óháð menntunarstigi. Sjúkraflutningamenn og aðrir heilbrigðisstarfsmenn sem koma að bráðameðferð utan sjúkrahúsa fá viðeigandi menntun og er skapað tækifæri til þess að viðhalda sér faglega með endurmenntun og starfsreynslu. Störf innan heilbrigðisstofnana og samvinna stærri og smærri rekstraraðila tryggja reynslu fagfólks á fábýlum svæðum.

Sjúkraflutningamenn eru oft fyrsti snertiflötur sjúklinga við heilbrigðiskerfið við bráðar aðstæður og rétt viðbrögð í byrjun geta skipt sköpum. Því eru vaxandi kröfur um menntun sjúkraflutningamanna víða um heim í samræmi við aukna hæfni til greiningar og meðferðar. Sérstaklega þarf að huga að því hvernig tryggja megi menntun og reynslu þeirra aðila sem koma að sjúkraflutningum í fámennum byggðarlögum sem gjarnan eru í öðru aðalstarfi og gegna sjúkraflutningum eingöngu á bakvöktum.

#### Stefnumið til 2030

- Gott aðgengi að vel skipulagðri sjúkraflutningamenntun í gegnum öflugann sjúkraflutningaskóla.
- Gott aðgengi að framhaldsmenntun fyrir sjúkraflutningamenn.
- Viðeigandi mönnun sjúkrabíla í smærri byggðarlögum tryggð.
- Hjúkrunarfræðingar og annað heilbrigðisstarfsfólk í dreifðari byggðum er hvatt, þjálfað og stutt til þátttöku í bráðaviðbragði og sjúkraflutningum til að tryggja aðkomu einstaklinga með sem mesta reynslu af meðhöndlun sjúklinga. Þannig næst auk þess betri nýting starfsfólks.
- Viðmið eru til staðar um hvernig önnur heilbrigðismenntun nýtist sjúkraflutningamönnum til vikkunar starfsviðs (e. „scope of practice“)
- Sérstök menntun er í boði fyrir annað heilbrigðisstarfsfólk sem kemur að bráðþjónustu utan sjúkrahúsa. Þar er tekin fyrir almenn vettvangsvinna og áherslur í bráðþjónustu á vettvangi.
- Gott aðgengi fyrir sjúkraflutningamenn og annað heilbrigðisstarfsfólk að sækja sér viðeigandi endurmenntun og þjálfun í bráðaviðbrögðum til dæmis með því að sækja sér starfsreynslu hjá heilbrigðisstofnunum og stærri rekstraraðilum.
- Tækifæri fyrir sjúkraflutningamenn og bráðatækna til aukinnar þátttöku í klínískum störfum innan heilbrigðisstofnunar, ekki síst í smærri byggðarlögum.
- Áhersla er á að engir sjúkraflutningamenn sinni eingöngu útköllum heldur að þeir séu allir í tilteknu starfshlutfalli við sjúkraflutninga sem sé nýtt innan heilbrigðisþjónustunnar til að tryggja þjálfun og reynslu.

- Bráðataeknar fá stærra hlutverki í heilbrigðiskerfinu, t.d. með heimsóknnum og eftirfylgni (e. „community paramedicine“) og störfum á bráðadeildum.
- Verkferlar styðji breyttar áherslur í þjónustunni, t.d. aukna afgreiðslu á staðnum.
- Aukin öryggisvitund í bráðaðþjónustu og sjúkraflutningum. Aukið öryggi sjúklinga, fagfólks, og annarra, á vettvangi og í flutningi.
- Vinnuverndarsjónarmið eru virt í sjúkraflutningum og álagsmeiðsli starfsmanna eru fátíð.
- Þjónustuaðilar búa yfir mannskap eða samstarfi við aðra þjónustuaðila sem tryggir afleysingu og hvíld „lykilaðila“ sem sinna bráðaðþjónustu í smærri byggðarlögum. Skal það gert til þess að fyrirbyggja kulnun í starfi og stuðla að löngum og farsælum starfsferli þeirra.

## 4. Virkir notendur


**Þátttaka nærsamfélagsins í bráðaviðbragði eykur líkur á góðri útkomu við alvarleg slys og veikindi. Rekstraraðilar og heilbrigðisstofnanir taki að sér að styðja við og stjórna því viðbragði þannig að úr verði öruggari og heilbrigðari samfélög.**

Fyrsta viðbragð við alvarlegum slysum og bráðum veikindum getur skipt sköpum varðandi lífslíkur og möguleika á bata. Leiðbeiningar neyðarsímvarða og skipulögð þátttaka almennings og vettvangshjálparliðs í nærsamfélaginu tryggir að sem stytur tími líður þar til fyrsta meðferð er veitt.

Móta þarf regluverk um vettvangsliða. Byggja þarf umgjörð í kringum þá er varðar þjálfun, ábyrgð og greiðslur. Ýmsir aðilar svo sem slökkvilið, björgunarsveitir, RKÍ, félagasamtök, lögregla eða starfsmenn heilbrigðisstofnunar geta komið sér upp viðbragðshópi sem starfa sem hluti af skipulögðu viðbragði. Slíkt skipulagt viðbragð vettvangsliða skyldi heyra undir stjórn heilbrigðisstofnana eða þjónustuaðila sjúkraflutninga á svæðinu til þess að tryggja góðra samvinnu við næstu bjargir. Þannig mætti jafnframt tryggja þeim nauðsynlegan búnað, þjálfun og ábyrgð á þeirra störfum.

### Stefnumið til 2030

- Neyðarsímverðir aðstoði alla sem hringja í 112 til þess að veita lífsbjargandi fyrstu hjálp þar sem það á við.
- Tekin verði í notkun tækni sem gerir mögulega boðun fagaðila og einstaklinga með skyndihjálparþjálfun við hjartastoppi eða alvarlegu slysi í nærumhverfi.
- Nærsamfélagið verði virkjað í auknum mæli til þess að taka þátt í viðbragði bráðþjónustunnar þannig að úr verði heildstætt kerfi fyrir hvert svæði.
- Vettvangsliðakerfið verði skipulagt betur og samræmt á landsvísu. Reglugerðar- og rekstrarumhverfi þess verði tryggt.
- Vettvangsliðar skulu uppfylla lágmarks viðmið um þekkingu og hæfni. Þeir skulu njóta sömu réttinda og skyldna og aðrir heilbrigðisstarfsmenn og skulu starfa undir ábyrgð heilbrigðisstofnunar.
- Viðeigandi umgjörð sé til staðar til þess að tryggja forvarnir á slysum við fjöldasamkomur og íþróttaviðburði og undirbúningur slíkra viðburða sé unninn í samvinnu við heilbrigðisstofnanir, sjúkraflutningsaðila og heimamenn á svæðinu.
- Almenningsur átti sig á því hvaða þjónusta er í boði og hvert á að sækja hana.
- Greiður aðgangur sé fyrir almenningsur að upplýsingum um fyrstu viðbrögð við eitrunum, slysum og einkennum bráðra veikinda.
- Að notendur leggi mat á þá þjónustu sem þeir fá í sjúkraflutningum og geti komið með tillögur að bættri þjónustu.



Mynd 1: Bráðaferlið 2030

## 5. Skilvirk þjónustukaup

Þjónustuviðmið og árangursmælikvarðar leggi grunn að skipulagi sjúkraflutninga. Kostnaðargreining skal liggja til grundvallar fjármögnun þjónustunnar. Gæta skal öryggis og hagkvæmni við skipulag bráðþjónustu og almennra flutninga. Tryggja skal stöðugleika þjónustunnar með langtímasjónarmiðum í samningum.

Bráðþjónustan er mikilvæg öryggisstoð í samfélaginu og skipta þar gæði og stöðugleiki miklu máli. Fyrirkomulagi þjónustunnar skyldi því aðeins breytt að vandlega ígrunduðu máli. Æskilegt er að tekin sé ákvörðun um það hver á að veita bráðþjónustu á hverju svæði til lengri tíma og samkomulag gert um það hvernig þjónustunni skal háttað þó svo semja megi um rekstrartengda þætti með reglulegu millibili. Þannig má best tryggja stöðugleika þessarar mikilvægu þjónustu. Þjónustuviðmið fyrir sjúkraflutninga þurfa að vera skýr og samræmd og sömuleiðis þurfa að vera samræmdir árangursmælikvarðar fyrir þjónustuna. Þessir þættir þurfa að liggja til grundvallar skipulagi þjónustunnar og á þeim forsendum skal þjónustan kostnaðargreind.

Hætt er við því að bráðir flutningar geti truflað starfsemi vegna almennra sjúkraflutninga og öfugt og taka þarf ákvörðun um hvort þessi þjónusta skuli rekin saman. Ekki er þó víst að það verði hagkvæmara í heild þó oft megi nýta hagkvæmari flutningsaðferðir við heimflutning sjúklings. Hafa verður í huga að nýting sérhæfðra sjúkrabíla til almennra sjúklingsflutninga er óhagkvæmt en þýðir á sama tíma að kerfið býr yfir fleiri sjúkrabílum og mannskap til þess að takast á við stórar uppákomur. Vandamálið er hins vegar að þessar einingar geta verið uppteknar við almenna flutninga þegar þeirra er þörf og einnig að engir sjúkrabílar séu lausir til að flytja sjúklinga milli stofnana þegar þarf að rýma sjúkrarúm við stærri óhöpp.

### Stefnumið til 2030

- Skilgreind, sannreynd og samræmd þjónustuviðmið séu til fyrir bráðþjónustu utan sjúkrahúsa.
- Þjónustuviðmið stýri skipulagi þjónustu á hverju svæði fyrir sig og taki tillit til viðmiða á borð við íbúafjölda, fjarlægðar í næstu bjargir, og vegalengdar frá sérhæfðri heilbrigðisþjónustu (Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri).
- Þjónustuviðmið leggja grunn að kostnaðarmati sem aftur leggur grunn að ábyrgri fjármálastjórn sjúkraflutninga.
- Alvarleg útköll og erfiðar aðstæður sem útheimta meiri mannskap, hærra menntunarstig og meiri búnað eru rétt kostnaðarmetin þó svo sjúklingurinn sé ekki fluttur.
- Árangursmælikvarðar leggja grunn að samræmdu gæðamati á þjónustu rekstraraðila sjúkraflutninga.

- Árangursmælikvarðar (KPI) skulu vera gagnreyndir eins og kostur er og endurskoðaðir reglulega (af MBS).
- Val á rekstraraðilum í þjónustu sjúkraflutninga skal vera gagnsætt og opið og byggja á samanburði á gæðum og getu ekki síður en hagkvæmni.
- Þjónustan skal miðuð við að hægt sé að bregðast við breytingum á eftirspurn, sveiflum og tímabundnum breytingum.
- Heilbrigðisþjónusta sem veitt er á vettvangi skal kostnaðarmetin og gjald fyrir hana skal endurspeglja kostnað. Þjónustan fellur undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands.
- Sjúklingur skal upplýstur um þátttöku hans í greiðslu fyrir flutning, áður en flutningurinn fer fram.
- Rukkað sé fyrir alla þætti sjúkraflutninga með einum sundurliðuðum reikningi.

### Pantaðir flutningar 2030



Mynd 2: Pantaðir flutningar 2030

## 6. Gæði í fyrirrúmi

Gögnum er safnað um þjónustuna hvað varðar starfsemi, rekstur og faglega vinnu og þau notuð til gæðamats og sem grunnur að stöðugum umbótum.

Klínískar leiðbeiningar (vinnuferlar) sjúkraflutningamanna eiga að leggja grunn að samræmdri vinnu og gæðastöðlum í sjúkraflutningum

### Stefnumið til 2030

- Gagnreyndar klínískar leiðbeiningar (vinnuferlar) við bráðþjónustu utan sjúkrahúsa liggja fyrir með stígun leiðbeininga í samræmi við hæfni fagfólks og eru í stöðugri og reglulegri endurskoðun.
- Rafrænar sjúkraflutningaskýrslur eru í almennri notkun við sjúkraflutninga á landinu öllu á öllum þjónustustigum og leggja grunn að gagnasöfnun sem styður við eftirlit með gæðavísunum. Skýrslur eru aðgengilegar öðru heilbrigðisstarfsfólki í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.
- Fylgst sé með ákveðnum samræmdum gæðavísunum hjá öllum þjónustuaðilum sjúkraflutninga á landinu.
- Fagfólk sem starfar við bráðþjónustu og sjúkraflutninga finnur hjá sér þörf og löngun til þess að viðhalda sinni þjálfun og auka hana eins og kostur er.
- Aðgengi sé tryggt að menntun og endurmenntun sem stenst gæðakröfur og skilar tilætluðum árangri í formi vel þjálfaðs fagfólks sem bregst rétt við í bráðaaðstæðum.
- Hermiþjálfun verði reglulegur liður í viðhaldsþjálfun alls fagfólks sem hefur aðkomu að bráðþjónustu utan sjúkrahúsa líkt og gert er hjá flugmönnum.
- Reglulegt og samræmt hæfnismat tryggir að fagfólk starfi á því þjálfunarstigi sem það veldur.



## 7. Hugsað til framtíðar

Framtíðinni fylgja bæði ógnir og tækifæri. Notaða tæknilausnir til að virkja fyrsta viðbragð og bæta faglegan stuðning við bráðatilvik. Með vaxandi aldri þjóðar verður aukin þörf fyrir afgreiðslu tilfella á staðnum án flutnings á sjúkrastofnun.

Byggðarþróun og þróun sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu leiðir óhjákvæmilega til aukinnar miðlægrar þjónustu á hátækni sjúkrahúsi landsins við bráðar uppákomur. Því er mikilvægt að finna leiðir sem koma sérhæfðu þjónustunni til landsmanna allra. Þörfin fyrir rétta bráðameðferð á vettvangi og hraðan flutning á sérhæft sjúkrahús fer vaxandi með aukinni getu kerfisins til þess að gefa góða útkomu.

### Stefnumið til 2030

- Innleiða tæknilausnir sem styðja við skjóta boðun fyrstu hjálpar sem skapar ný tækifæri við hjartastopp og alvarleg slys og auka líkur á góðri útkomu.
- Koma upp sérhæfðum flutningseiningum með vel þjálfuðum mannskap sem tryggja rétta meðferð og skjótan flutning.
- Innleiða tækni sem styður við notkun fjarheilbrigðislausna á vettvangi sem auka m.a. möguleika á því að hægt sé að sinna bráðaheimsóknum.
- Styrkja tengsl og samvinnu stofnana og rekstraraðila sem sinna sjúkraflutningum.
- Tryggja þarf nýliðun fagstétta við sjúkraflutninga og bráðabjónustu utan sjúkrahúsa með því að bjóða upp á nám sem er aðgengilegt íbúum á öllu landinu.
- Horfa skal til annarra þjóða s.s. Norðurlandanna varðandi innleiðingu á nýrri tækni eða þegar fyrirhugaðar eru breytingar á þjónustunni.
- Vettvangur sjúkraflutninga og bráðabjónustu utan sjúkrahúsa skal ýta undir frumkvöðlastarfsemi og skapandi lausnir.
- Stefna skal að sjálfbærum sjúkraflutningatækjum
- Draga skal úr skaðlegum umhverfisáhrifum sjúkraflutninga eins og mögulegt er.

